



Alþingi
Erindi nr. P 137/549
komudagur 7.7.2009

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 6. júlí 2009

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands

Samtök atvinnulífsins (SA), Samtök fiskvinnslustöðva (SF) og Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál og senda hér með sameiginlega umsögn til Allsherjarnefndar Alþingis.

Ofangreind samtök gera athugasemd við 66. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að Matvælarannsóknir hf. færast frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu til fjármálaráðuneytisins.

Matvælarannsóknir hf. voru stofnaðar með lögum 68/2006 utan um rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknna Keldnaholti, og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar.

Meðal lögbundinna hlutverka Matvælarannsóknna hf., nú Matis ohf., er að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu á sviði matvælarannsóknna í þágu landsmanna sem nánar er skilgreind í samningi við félagið. Samkvæmt 7. gr. laganna um Matvælarannsóknir hf. er félaginu skylt að framkvæma rannsóknir vegna matvælaeftirlits á vegum hins opinbera eftir því sem nánar kveður á í samningi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og Matis ohf. hafa gert með sér þjónustusamning i samræmi við hið lögbundna hlutverk félagsins og á grundvelli hans á Matis ohf. mikil samskipti við sjávarútvegsfyrirtæki svo og önnur fyrirtæki í matvælaframleiðslu. Samtökin telja eðlilegt að félagið verði áfram á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem fer með öll mál tengd framleiðslu matvæla í landinu og matvælaeftirlit. Ef Matis ohf. yrði fært undir fjármálaráðherra væri tiltekinn afmarkaður hluti matvælaeftirlits í landinu slitinn frá því ráðuneyti sem fer almennt með þennan málaflokk án þess að fyrir því séu efnislega faglegar ástæður. Í þessu sambandi er sérstaklega brýnt að tryggja að umsjón með þjónustusamningnum við Matis ohf. verði áfram á hendi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eins og verið hefur.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Þá hafa sterk tengsl hafa skapast á milli atvinnulífsins, Matis ohf., og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins sem mikilvægt er að rofni ekki.

Með tilliti til alls ofangreinds er það tillaga Samtaka atvinnulífsins, Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna að 66. gr. frumvarpsins verði felld brott og þar með verði Matis ohf. áfram á ábyrgð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.

f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva

Guðbergur Rúnarsson

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson

